

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið
framleiddri á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1981:

Þorskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Saga IG	7 803
Saga IM	7 441
Saga IP	7 019
Edda og Luna 30/50	5 873
Edda og Luna 50/60	6 789
Edda og Luna 60/up	6 973
Astra (ítalía)	5 763
Astra og Polar	5 200
Ufsi:	
Astra og Polar	4 300
Keila:	
Astra og Polar	5 200
Ýsa:	
Astra og Polar	4 300
Langa:	
Astra og Polar	5 200

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.
Greiðslur í eða úr sjóðnum verði 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um lyfjastaðla á Íslandi.

1. gr.

Enska útgáfa evrópsku lyfjaskrárinnar, Pharmacopoeia Europaea, fyrsta útgáfa, er í gildi. Önnur útgáfa er hafin og er notkun hennar heimil jafnóðum og viðaukar berast, en fullt gildi öðlast hún 1. janúar 1983.

2. gr.

Skrá og staðlar fyrir hráefni í lyf, sem greindir eru í gildandi dönskum lyfjastöðlum (DLS: Danske Lægemedelstandarder), eru í gildi.

Ákvæði um framleiðslu lyfja og staðlar fyrir lyfjaform og lyf í dönskum lyfjastöðlum (DLS) eru í gildi.

Skrá yfir staðla fyrir líffræðilegar mælingar í dönskum lyfjastöðlum (DLS) er í gildi.

3. gr.

Forskriftir (mónógrafiur) norrænu lyfjaskrárinnar (Ph.Nord 63), danska lyfseðlasafnsins (DD 63), danska apótekarafélagsins (DAK 63), ásamt viðaukum, sem ekki hafa verið felldar úr gildi, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 334/1979, verða áfram í gildi, uns annað verður ákveðið.

4. gr.

Eldri auglýsingar nr. 406/1977 og nr. 24/1978 um lyfjaskrá og lyfjastaðla, falla hér með úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. mars 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingólf J. Petersen.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Í stað „2 ha“ komi „0,3 ha“.

Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.